

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra
Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar
Dagsetning: 15. janúar, 2023
Fni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 30. desember, 2022

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Fundur nefndarinnar á næstsíðasta degi ársins var þrískiptur og gaf nefndarmönnum tækifæri til að meta stöðu þróunarsamvinnu í lok árs, sem óhætt er að segja að hafi verið þrungið áskorunum fyrir þjóðir heims. Nefndarmenn fóru yfir verkefni í Úganda, fengu upplýsingar um fjármál þróunarsamvinnu Íslands og áttu gott tækifæri til að ræða við þig.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, skrifstofustjóri innri málefna og eftirlits utanríkisráðuneytisins, sagði frá lokaúttekt byggðapróunarverkefnis í Buikwe, Úganda. Afurðir verkefnisins voru meðal annars þær að **byggðir voru 87 skólar** og **hlutfall heimila með aðgang að heilnæmu vatni** í minna en kílómeters fjarlægð **jókst úr 32 prósentum í 83 prósent**. COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á verkefnið enda voru skólar í Úganda lokaðir í tvö ár á verkefnatímanum.

Erla Hlín sagði líka frá úttekt á samstarfi við aðila atvinnulífsins þar sem er meðal annars lagt til að **samningur um Heimstorgið verði tekinn til endurskoðunar**. Nefndin fékk nýlega kynningu á Heimstorginu og greinilegur áhugi er hjá nefndarmönnum að fylgjast áfram með samstarfi við atvinnulífið á sviði þróunarsamvinnu.

Í kynningu Söru Ögmundsdóttur deildarstjóra fjármála hjá ráðuneytinu kom meðal annars fram að líklegt væri að heildarhlutfall framlaga Íslands til þróunarsamvinnu nái 0,35 prósentum af VPT 2022. Umræður á fundinum benda til að skýr vilji sé innan nefndarinnar á því að veita metnaðarfulla mannúðaraðstoð til Úkraínu en sterkar raddir heyrðust um að **það verði ekki til að skerða önnur verkefni á sviði þróunarsamvinnu**.

Afar fróðlegt var að heyra af ferðum þínum til Úkraínu og Malaví og fá með því innsýn í aðstæður sem ekki fæst með sama hætti af frétt aflutningi. Mér fannst einkar áhugavert að heyra þig lýsa samhenginu milli árásar Rússa á Úkraínu, sem sýnir skeytingarleysi gagnvart fullveldi ríkja, og þróunarmála í heild sinni. Þá var mikilvægt að heyra þig lýsa þeirri skoðun **að öll þau verkefni sem við höfum verið að sinna þurfi meiri stuðning en ekki minni**.

Á síðustu tveimur fundum hafa orðið töluverðar umræður um heildarframlög til þróunarsamvinnu og þær munu án efa halda áfram á vinnudeginum í næstu viku. Orð þín um að pólitískt samtal þurfi um **réttindi okkar og skyldur af því að vera eitt ríkasta land heims** og að þróunarsamvinna tengist friðar- og öryggismálum í heiminum öllum eru gott upplagg fyrir komandi vinnudag. Takk fyrir að boða komu þína á þann fund.

Með bestu kveðju

Þórir Guðmundsson
formaður Þróunarsamvinnunefndar